



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 **Siðfræðistofnun**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

### **Umsögn um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara**

Siðfræðistofnun fagnar fram komnu frumvarpi til laga um vernd uppljóstrara. Lagasetningin er tímabær, hún ver mikilvæga samfélagslega hagsmuni og hagsmuni einstaklinga auk þess sem hún er í takt við þróun í nágrannaríkjum og tilmæli alþjóðastofnana. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar hefur tekið nokkrum breytingum frá því það var fyrst sett í umsagnarferli, en þær felast annars vegar í því að skerpa skilgreiningar á mikilvægum efnisþáttum og hins vegar í breyttu viðmiði um starfsmannafjölda fyrirtækja sem 5.gr. frumvarpsins nær til.

Þörf fyrir skýran lagaramma til varnar þeim sem miðla upplýsingum um lögbrot eða misferli í opinberum störfum og atvinnulífi er meðal þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslu Starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu (september 2018). Lagafrumvarp það sem hér er til umfjöllunar kemur til móts við þessa ábendingu starfshópsins.

Markmið lagasetningarinnar er „að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíkri háttsemi.“ Áhersla er lögð á mikilvægi þess að einstaklingar, sem hafa vitneskju um lögbrot eða ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda sinna, geri viðeigandi aðilum viðvart og má tala um siðferðilega skyldu í því sambandi. Löggjöfin miðar þannig að því að þeir sem vilja rækja siðferðilegar skyldur sínar við samfélagið megi vænta þess að stjórnvöld tryggi eftir getu að það komi ekki niður á einkahagsmunum þeirra með óréttlátum hætti (t.d. með því að sæta ósanngjarnri meðferð á vinnustað eða jafnvel brottrekstri úr starfi). Þegar almannahagsmunir eru í húfi er æskilegt að ríkari áhersla sé lögð á borgaralegar skyldur eða skyldur einstaklinga gagnvart samfélaginu en hollustu við yfirboðara, vinnuveitendur eða samstarfsfólk.

Í frumvarpinu er gerður skýr greinarmunur á innri og ytri uppljóstrun auk þess sem ríkari kröfur eru skilmerkilega tilgreindar fyrir réttmæti upplýsingamiðlunar til utanaðkomandi aðila, t.d. fjölmiðla. Skerpt hefur verið á skilgreiningum brota og skilyrðum uppljóstrunar frá því frumvarpið var fyrst sett í umsagnarferli. Löggjöfin er þannig til þess fallin að verja ábyrga beitingu þessa úrræðis og stuðla að góðum starfsháttum í stjórnsýslu og viðskiptalífi.

Lagaleg vernd uppljóstrara skv. frumvarpinu er víðtæk og skyldur þeirra, sem taka við slíkum ábendingum, til að bregðast við með tilhýðilegum hætti eru afgerandi og skýrar.

En vert er að spyrja hvort æskilegt væri að vísa sérstaklega til heimildar til þess að milda refsingu hafi sá aðili, sem gerir viðvart um lögbrot eða ámælisverða háttsemi, átt þátt í þeirri háttsemi sem um ræðir. Líklegt verður að teljast að oft séu þeir einir til frásagnar sem einhvern hlut eiga að máli og kynnu þ.a.l. að veigra sér við því að gera viðvart um háttsemina af ótta við refsiaþbyrgð. Slíkt ákvæði væri í samræmi við markmið lagasetningarinnar, sem tilgreint er í 1.gr. frumvarpsins, og það sjónarmið, sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að reglur um uppljóstranir þurfi að vera skýrar og aðgengilegar þeim sem íhuga að gera viðvart um alvarlega ámælisverða háttsemi. Þó svo að slík heimild sé fyrir hendi í almennum hegningarlögum er óvíst að einstaklingur, sem af samviskuástæðum vill greina frá ámælisverðri háttsemi, sé þess meðvitaður.

Loks má nefna að það verklag, sem skilgreint er í frumvarpinu fyrir vinnustaði til þess að taka á slíkum málum, með skýrum skriflegum reglum og viðhlítandi kynningu, er líklegt til þess að efla vitund um réttindi og lýðræðisleg gildi. Slíkt verklag getur stuðlað að góðum starfsháttum í viðskiptalífi og opinberri stjórnsýslu, aukið gagnsæi og traust almennings til þessara stofnana.

Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir nú er gert ráð fyrir því að þessi skylda nái til fyrirtækja með 50 starfsmenn og fleiri (líkt og nýlegar reglur ESB kveða á um). Í upprunalegu frumvarpi voru viðmiðunarmörkin 10 starfsmenn, sem er nær því sem sambærileg lög í t.d. Noregi og Svíþjóð gera ráð fyrir. Það er umhugsunarefni hvort þessi breyting sé þörf eða til bóta. Vandséð er að slík krafa sé óþarflega íþyngjandi fyrir smærri fyrirtæki, sérstaklega í ljósi þess að gert er ráð fyrir ákveðnu leiðbeiningarhlutverki Vinnumálastofnunar. Vernd uppljóstrara nær skv. frumvarpinu til allra þeirra sem greina í góðri trú frá upplýsingum um lögbrot eða ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda sinna – óháð stærð – en þessi krafa um verkferla tekur þó aðeins til takmarkaðs fjölda fyrirtækja. Þar með má ætla að minna verði úr þarfrí vitundarvakningu en ella. Að mati Siðfræðistofnunar er vert að taka ofangreinda þætti til athugunar.

Tiltrú almennings á regluverki um vernd uppljóstrara og rík vitund í samfélaginu (meðal almennings, atvinnurekenda og í stjórnsýslu) um þau gildi sem að baki liggja er til þess fallin að auka gagnsæi og trúverðugleika í stjórnsýslu og atvinnulífi og stuðla þar með að auknu trausti borgaranna. Siðfræðistofnun styður framgang frumvarpsins enda er um að mikilvæga og tímabæra lagasetningu að ræða.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,



Páll Rafnar Þorsteinsson,  
verkefnastjóri